

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps.

42.fundur.

að Hlíðavegi 6, fimmtudaginn 20. sept. 2012, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Deiliskipulag í Kröflu, fulltrúar frá Landslagi mæta til fundarins.
3. Áskriftarréttur að hlutafé í Greiðri leið ehf.
4. Umsögn um drög að frumvarpi til nýrra náttúruverndarlaga.
5. Staða heilsugæslumála í Skútustaðahreppi.
6. Úrskurður Héraðsdóms Ne. vegna bakvaktakröfu fyrrv. framkv.stj. Hvamms á hendur félaginu.
7. Endurskoðun samþykktu um stjórn og fundarsköp Skútustaðahrepps.
8. Bréf frá Jóhannesi Steingrímssyni.
9. Erindi frá Ólafi H. Jónssyni f.h. Landeigenda Reykjahlíðar ehf.
10. Rarik
11. Aðstoðar- og hjálparfólk vegna hamfaraveðurs 10 og 11. sept.

Til kynningar:

Fundargerð stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga dags. 7. sept.

Mættir: Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétursson, Karl Emil Sveinsson, Eyrún Björnsdóttir, Friðrik K. Jakobsson. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund.

2. Deiliskipulag í Kröflu, fulltrúar frá Landslagi mæta til fundarins.

Til fundarins mættu Finnur Kristinsson, Björk Guðmundsdóttir og Kristján Einarsson. Finnur fór yfir drög deiliskipulagstillögu og forsendur hennar.

Sveitarstjórn samþykkir að vísa tillögunni til Skipulags- og umhverfisnefndar.

3. Áskriftarréttur að hlutafé í Greiðri leið ehf.

Í bréfi Greiðrar leiðar ehf. dags. 31. ágúst s.l. kemur fram að á aðalfundi félagsins þann 30. júní 2011 hafi stjórninni verið veitt heimild í samræmi við 1. mgr. 30. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög, til þess að hækka hlutafé félagsins um kr. 100 millj., að nafnvirði með innborgun á nýju hlutafé. Heimildin var veitt til 1. júní 2013 og henni ætlað að gera félaginu mögulegt að standa við skuldbindingar sínar gagnvart Vaðlaheiðargöngum hf.

Stjórn félagsins ákvað á stjórnarfundum 31. ágúst 2012 að fullnýta ofangreinda heimild um hækkun á hlutafé. Sölugengið er 1 til hluthafa.

Skútustaðahreppur er hluthafi í félaginu og skráður fyrir 1,99% hlut, sveitarfélagið á rétt til að skrá sig fyrir auknum hlut í félaginu í hlutfalli við núverandi hlutafjáreign, kaupverð kr.

1.998.154,-

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkir að nýta fyrrgreindan kauprétt á viðbótarhlutafé í Greiðri leið ehf.

4. Umsögn um drög að frumvarpi til nýrra náttúruverndarlaga.

Frestað.

5. Staða heilsugæslumála í Skútustaðahreppi.

Sveitarstjóri upplýsti að hún ætti bókaðan fund með framkvæmdastjórn Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga á morgun föstudag. Þar yrði farið yfir alvarlega stöðu í heilsugæslumálum í Mývatnssveit. Sveitarstjórn hefur margsinnis reynt að beita sér fyrir útbótum án árangurs.

Húsnæði stöðvarinnar sem tekið var í notkun fyrir 30 árum síðan er úrsér gengið fyrir löngu og nú er svo komið að ekki tekst að halda hita í húsinu því ofnarnir eru ónýtir, af óskiljanlegum ástæðum eru ekki keyptir nýir. Nýlega kom upp atvik í heilsugæslustöðinni sem sýndi enn og aftur að aðstaðan þar er ekki boðleg, einstaklingur hneiður á skoðunarbekk og lék grunur á að viðkomandi væri hryggbrottinn. Þegar til stóð að flytja hann á sjúkrahús kom í ljós að engar sjúkrabörur komust inn í herbergið sem nýtt er sem bráðastofa. Nú er svo komið að hjúkrunarfræðingur stöðvarinnar hefur ákveðið að taka sér tímabundið leyfi frá störfum vegna óviðunandi starfsskilyrða og líttillar vonar um úrbætur. Engin trygging er fyrir því í dag að hjúkrunarfræðingurinn sem leyst hefur af til þessa geti gert það áfram.

Þann 12. september s.l. sendi Jón Helgi Björnsson forstjóri HP bréf til velferðarráðherra þar sem enn einu sinni er óskað eftir því að ráðuneytið komi að uppbyggingu nýrrar heilsugæslustöðvar í Mývatnssveit.

Dagbjört vék af fundi undir þessum lið.

6. Úrskurður Héraðsdóms Ne. vegna bakvaktakröfu fyrrv. framkv.stj. Hvamms á hendur félaginu.

Eins og kynnt var á fundi sveitarstjórnar Skútustaðahrepps 24. mars. s.l. þá krafði fyrrverandi framkvæmdastjóri Hvamms félagið um greiðslu bakvakta aftur til ársins

2007. Stjórn Hvamms hafnaði þeirri kröfu og var í kjölfarið stefnt fyrir Héraðsdóm Norðurlands eystra. Málflutningur fór fram í héraði 30. mars. s.l. Dómur féll 16. ágúst og var stjórn Hvamms sýknuð af öllum kröfum.

7. Endurskoðun samþykktu um stjórn og fundarsköp Skútustaðahrepps.

Frestað.

8. Bréf frá Jóhannesi Steingrímssyni.

Með bréfi dags. 3. september segir Jóhannes Steingrímsson forstöðumaður Íþróttamiðstöðvar Skútustaðahrepps starfi sínu lausu.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps þakkar Jóhannesi fyrir farsælt starf og óskar honum velfarnaðrar á nýjum vettvangi.

9. Erindi frá Ólafi H. Jónssyni f.h. Landeigenda Reykjahlíðar ehf.

Með bréfi dags. 17. september óskar Ólafur H. Jónsson eftir leyfi til að leggja ljósleiðara úr ljósleiðara í Bjarnarflagi til suðurs og inn í rofahús sem er inni á iðnaðarsvæðinu vestan við lóð Landsvirkjunar sbr. m.f. mynd.

Þá er óskað eftir leyfi til að leggja ljósleiðara úr símsstöð í Reykjahlíð í Voga, sbr. m.f. mynd og með fyrirvara um leyfi landeigenda í Vogum. Jafnframt er óskað eftir að starfsmenn sveitarfélagsins aðstoði með val á lagnaleið innan leigulands sveitarfélagsins

Sveitarstjórn samþykkir að veita leyfi til lagningar ljósleiðara úr ljósleiðaranum í Bjarnarflagi inn á iðnaðarsvæði vestan við lóð Landsvirkjunar.

Beiðni um leyfi til lagningar ljósleiðarar í leigulandi Skútustaðahrepps og suður í Voga er frestað vegna breyttra forsendna og vegna þess að fyrirhugað er á næsta ári að leggja rafstreng í jörð svipaða leið, og telur sveitarstjórn því eðlilegt að skoða þá hluti í samhengi.

Guðrún María vék af fundi undir þessum lið.

10. Rarík.

Í morgun mætti Tryggvi Þór Haraldsson forstjóri Rarík til fundar við sveitarstjórnarmenn. Þar fór hann yfir þá stöðu sem upp er komin í rafmagnsmálum í sveitinni kjölfar óveðurs sem gekk yfir í síðustu viku. Miklar skemmdir urðu á dreifikerfi Rarík og sem bráðabirgðaviðgerð liggur rafstrengur ofnajarðar um stóran hluta sveitarfélagsins en slíkt er með öllu óviðunandi. Fór hann þess á leit við sveitarfélagið að það aðstoði við að afla nauðsynlegra leyfa til að hægt væri að koma rafstrengnum í jörð sem fyrst.

Sveitarstjórn samþykkir að gera það sem hún getur til að af þessum framkvæmdum geti orðið sem fyrst. Þá náðist samkomulag við Rarík um að í sama skurð yrði lagður ljósleiðari sem Skútustaðahreppur myndi eiga með þeim fyrirvara þó að sveitarfélaginu tækist að útvega sér ljósleiðara áður en Rarík hefur framkvæmdir.

11. Aðstoðar- og hjálparfólk vegna hamfaraveðurs 10 og 11 sept.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps vill koma á framfæri þakklæti til allra þeirra sem komu til aðstoðar Mývetningum í kjölfar óveðursins sem gekk yfir 10 og 11 sept. s.l. Allt það góða fólk á heiður og þakkar skyldar fyrir ómetanlega hjálp og óeigingjarnt starf, án þeirra hefði verkefnið verið óyffirstíganlegt.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Dagbjört Bjarnadóttir,

Böðvar Pétursson,

Karl Emil Sveinsson,

Eyrún Björnsdóttir,

Friðrik K. Jakobsson.